



# Vinstri græn í Árborg



1. tbl. 5. árgangur, 1. maí 2007



 **1. MAÍ** er alþjóðlegur baráttudagur verka-fólks. Með breyttum þjóðfélagsaðstæðum, halda margir að ekki sé þörf á slíkum degi lengur, en þvert á móti hefur mikilvægi hans aukist, því starfsstéttum vinnandi fólks hefur fjölgað og því er þessi dagur orðinn dagur réttindabaráttu og samstöðu allra launamanna. Launakjör, lífeyrir, almannatryggingar, skattar, heilsugæsla og fjölbreytt menntun eru sameiginleg baráttumál vinnandi fólks.



**ÁRBORG** er miðstöð iðnaðar, verslunar og þjónustu á Suðurlandi. Hér starfar fjöldi launafólks og sjálfstæðra iðnaðarmanna, sem hafa framfæri sitt af eigin vinnu. Framlag sveitarfélagsins á að vera umhverfisvæn búsetu-skilyrði, félagsleg þjónusta, menntun frá leikskóla til háskóla og heilsugæsla öll æviárin. Þau sameiginlegu verkefni sem við þurfum öll að taka okkur saman um og eigum öll að hafa jafnan aðgang að.



**ATLI** Gíslason hæstaréttarlögmaður hefur notað menntun sína til að berjast fyrir réttindum almennings. Að loknu lögfræðinámi hóf hann störf fyrir verkalýðshreyfinguna og hefur unnið fjölmörg prófmál fyrir stéttarfélög og einstaklinga, mál á sviði atvinnuréttar, jafnréttis og varnar gegn kynbundnu misrétti og ofbeldi. Hann skipar nú 1. sæti á lista Vinstri grænna í Suðurkjör-dæmi og vill setja réttlátari lög í landinu.



**VINSTRIHREYFINGIN** grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfs-vettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu.

Við setjum x við V í kosningunum 12. maí!

# Börnin eru framtíðin Það ber að huga vel að þeim

Leikskólar eru menntastofnanir en ekki gæslustofnanir. Þetta er viðurkennd staðreynd sem var formfest þegar leikskóli var formlega viðurkenndur sem fyrsta skólastigið árið 1994 og sérstök Aðalnámskrá var sett um leikskólastigið árið 1999.

Hitt er því miður líka staðreynd að á Íslandi mun leikskóli vera dýrasta skólastigið fyrir fólk. Þetta bitnar mest á ungu fólk sem oft á tíðum er að koma úr námi eða er í námi, er að kaupa húsnæði o.fl. og hefur því ekki mikið fé á milli handa.

Leikskóli á að vera hluti af menntakerfinu eins og grunnskólinn. Því ber að viðhafa sömu reglur um gjaldtöku í leik- og grunnskólum og leggja niður skólagjöld í leikskóla í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Árborg hefur ákveðið að stíga fyrsta skrefið í þá átt með því að lækka leikskólagjöld núna á næstu vikum og að auka systkinaafslátt. Verið er að reikna út hversu mikil lækkunin mun verða og mun það koma í ljós á næstunni.

Hér í Árborg eru sjö leikskólar og áttundi leikskólinn er á leiðinni sem og viðbygging við leikskólann á Stokkseyri. Starfið í þessum leikskólum er mjög metnaðarfullt og fjölbreytt. Leikskólar Árborgar hafa á að skipa mjög góðu starfsfólki sem sinna börnum okkar mjög vel.

Til þess að öll börn eigi þess kost að stunda leikskóla þarf jöfnuð fyrir alla.

Stefna Vinstri grænna er að gera leikskóla gjaldfrjálsa. Það er mikilvægt í ljósi margra ástæðna. Niðurfelling leikskólagjalda yrði gríðarleg kjarabót fyrir ung- barnafjölskyldur. Sú kjarabót kæmi til með að skila sér beint til fjölskyldna. Um leið yrði tekið stórt skref í átt til fjölskylduvænna samfélags. Leikskólavist barna er mikilvæg til að foreldrar geti náð jafnvægi milli heimilis og vinnu. Miklu skiptir að leikskóli sé einsetinn. Ókeypiss leikskóli getur einnig létt vinnuálagi af foreldrum enda munar þá umtalsvert um leikskólagjöldin.

Það er ljóst að gjaldfrjáls leikskóli



kallar á breytingar og endurskoðun á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Á meðan tekjuskiptingin er eins ójöfn og hún er í dag mun það hamla þessari áætlun, því sveitarfélögin eru oft á tíðum mjög skuldsett og hafa því ekki mikið svigrúm til aukinna útgjalda. Tekjuskiptingunni verður að breyta, þannig að hlutur sveitarfélaganna verði aukinn. Þannig geta sveitarfélögin betur sinnt þörfum íbúa sinna.

Núna 12. maí verður gengið til kosninga og með því að kjósa Vinstri græn stuðlið þið að réttlæti og jöfnuði. Jafnrétti barna til náms í leikskólum.

*Sædís Ósk Harðardóttir,  
formaður VG í Árborg og einnig  
formaður leikskólafélagar Árborgar*



Það mikilvægasta í lífi foreldra eru án efa börnin okkar og öll viljum við gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að þeim líði vel. Í 15 ár eyða börnin megninu af deginum í grunnskólum og leikskólum landsins. Þetta er stór hluti af æsku barnanna okkar og því hlýtur það að vera mikilvægt að þeim líði vel á þessum stöðum. Ég veit af eigin reynslu að kennarar eru yfirleitt tilbúnir að leggja mikið á sig til þess að mæta þörfum allra nemenda og margir kennarar eyða frítíma sínum í að finna leiðir og aðferðir til lausnar á þeim vandamálum sem geta fylgt skólastarfinu.

Ef við viljum hlúa vel að börnunum okkar verðum við líka að hlúa vel að því fólk sem fyrir þau starfar. Kennarar, leikskólakennarar og aðrar uppeldisstéttir hafa orðið undir í kjarabaráttum á síðustu

## Tryggjum hag sveitarfélaganna

árum. Starf kennara og leikskólakennara hefur aukist gífurlega mikið síðustu ár og miklar kröfur eru gerðar til skólafólks, bæði af foreldrum og samfélaginu, án þess að vilji sé til að greiða fyrir þær kröfur.

Kjarasamningarnir sem gerðir voru við kennara 2004, eftir 8 vikna verkfallsbaráttu, eru til háborinnar skammar fyrir þjóðfélagið og ekki er réttlæt看legt að þessar stéttir þurfi að berjast á 4 ára fresti með kjafti og klóm fyrir launum sínum.

Nú stöndum við enn og aftur frammi fyrir kosningum og því valdi sem við höfum með kosningarétti okkar.

Ef við viljum að komið sé fram við það fólk með virðingu og réttlæti sem sinnir börnum okkar á daginn, er nauðsynlegt að við séum með fólk í ríkisstjórn sem lætur sig varða innra starf uppeldisstofnana.

Til þess að hægt sé að bæta kjör kennara, leikskólakennara og annara sem vinna á vegum sveitar- og bæjarfélaga, er nauðsynlegt að leiðrétta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögum landsins ber skylda til að gera sómasamlega samninga við starfsfólk sitt og til þess að það sé raunhæfur möguleiki þarf ríkið að endurskoða sína afstöðu til sveitarfélaga.

Á landsfundi VG var eftirfarandi samþykkt:

”Vinstrihreyfingin – grænt framboð hyggst bæta verulega afkomu sveitarfélaganna og tryggja þeim nettó tekjuauka af stærðargráðunni 5 milljarða króna. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga er í engu samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögin hafa á sinni könnu, sérstaklega varðandi félagsleg velferðarverkefni, verkefni á sviði skólamála o.fl. sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga. Þetta veldur því að mikill meiri hluti sveitarfélaga getur ekki sinnt þessum brýnu verkefnum og þurfa því að steypa sér í skuldir vegna nauðsynlegra fjárfestinga.

Auk þess sem sveitarfélögunum verða, í samstarfi við ríkisvaldið, tryggðar tekjur til að mæta verkefnum á sviði umhverfis- og velferðarmála, svo sem á sviði sorphögunar- og fráveitumála, til að auka endurvinnslu og til að koma á gjaldfrjálsum leikskóla og grunnskóla.”

Ef við viljum breytta áherslur á komandi árum þar sem hver einstaklingur skiptir máli í samfélaginu óháð kyni, þjóðerni, aldri, starfi eða búsetu, þá kjósum við VG þann 12. maí næstkomandi.

Gleðilegt sumar!

*Sigrún Þorsteinsdóttir,  
varabæjarfulltrúi VG í Árborg  
og formaður skólafélagar.*

# Græn framtíð

Undanfarin ár hefur starfað umhverfishópur innan Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs. Hann vann mjög metnaðarfulla umhverfisstefnu sem byggist á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Í henni er hugsað til lengri tíma en næstu fjögurra ára, þar er hugsað til framtíðar og komandi kynslóða. Þess vegna heitir umhverfisstefna okkar Græn framtíð.

Sjálfbæra þróun má skilgreina sem þá þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum og rétt náttúrunnar og lífríkis til að þróast á eigin forsendum. Hugtakið nær ekki einungis til umhverfismála heldur endurspeglar samfélagið allt og afstöðu fólksins til samfélags og umhverfis. Samspil efnahagslegra, félagslegra og vistfræðilegra þátta þarf að vera til staðar og ekki má ganga á einn þátt umfram annan. Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er því nátengd hugmyndum um jöfnuð og velferð og fellur því vel að stefnumörkun VG í öllum málaflokkum.

Græn framtíð sýnir þann metnað sem liggur í stefnumörkun innan flokksins. Stefnan er skýr og hún bætir og eflir aðra

stefnumörkun sem fyrir er. VG kemur ekki með skyndilausnir né heldur skiptir flokkurinn um lit þegar vindurinn blæs þannig. Margra ára starf liggur að baki og einarður vilji til að starfa í þágu framtíðarinnar þar sem markmiðið er að standa vörð um umhverfi og samfélag.

Græn framtíð fjallar um orkustefnu og orkunýtingu, ferskvatn, loftslagsmál, viðhald líffræðilegrar fjölbreytni og þá auðlind sem náttúra og landslag Íslands er. Hún tekur einnig fyrir verndun og nýtingu lífrænna auðlinda hafsins í heildstæðu samhengi, gróður- og jarðvegsvernd, landnýtingu, ferðaþjónustu og útivist, samgöngur, mengun alls kyns, matvæli og matvælaöryggi, náttúrusiðfræði, umhverfismennt og stjórnsýslu umhverfismála.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að efla þurfi umhverfisráðuneytið og stofnanir þess. Mikilvægi þessa málaflokks mun fara vaxandi á næstu árum. Ísland á að vera leiðandi land á sviði umhverfismála. Umhverfismál eiga að vera undirliggjandi í allri stefnumörkun og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar ber að fara eftir þegar teknar eru ákvarðanir til framtíðar.



Sjálfbær þróun snýst um siðferðilega afstöðu stjórnvalda og almennings. Við berum öll ábyrgð á umhverfi okkar. Stjórnvöld og almenningur bera saman ábyrgð á sjálfbærri þróun. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram metnaðarfulla stefnu og leiðir að lausnum til þess að ná fram markmiðum sínum. Nú skortir okkur aðeins umboð kjósenda til að koma stefnunni í framkvæmd. Við Vinstri græn hlökkum til að takast á við þau verkefni sem bíða í umhverfismálum.

*Alma Lís Jóhannsdóttir,  
skipar 2. sæti á lista Vinstri-grænna  
í Suðurkjördæmi.*

## Sendum heillaóskir í tilefni 1. maí



Flóahreppur



– allt til bygginga



SUÐURLANDSSKÓGAR



HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF



JÖTUNN VÉLAR ehf.





## Tvær ferðir upp með Þjórsá

*Ferðasaga eftir Þorstein Ólafsson*

Árið 2001. Deilan um Norðlingaölduveitu og lón í Þjórsárverum stendur sem hæst. Tekist er á um hæð stíflu við Norðlingaöldu. Þjórsárverin eru heimur 100 km fyrir innan efstu byggð í Gnúpverjahreppi sem hefur ævintýraljóma yfir sér. Fyrir á öldum lá þjóðleiðin um Sprengisand í gegnum Verin og yfir Þjórsá á Sólseyjarhöfðavaði, eða inn með Hofsjökli og yfir Þjórsárkvíslarnar. Síðar þegar farið var að smala fyrir innan Dalsá uppgötvuðu menn gjöful beitolönd og gæsaver inn undir jökli.

Það var að vonum að mikill áhugi væri á því að komast með í sumarferð VG árið 2001 þegar ákveðið var að fara inn í Tjarnarver. Fararstjórar voru Ragnhildur Guðmundsdóttir og Valgarð Runólfsson og leiðsögumenn voru Már Haraldsson bóndi í Háholti og undirritaður. Við nutum veðurbliðunnar í gróðurparadísinni Tjarnarveri. Síðla kvölds var svo haldin ógleymanleg grillveisla í Skúmstungum fyrir neðan Sandfell. Daginn eftir var Háifoss skoðaður og komið við í Gjánni, tveimur náttúruperlum sem ekki eiga sinn líka, áður en ekið var niður Þjórsárdalinn.

Árið 2007. Það þarf ekki að fara inn með allri Þjórsá til þess að dást að þessari náttúruperlu sem Þjórsá er frá upp-tökum til ósa. Einfaldast er að aka hægt yfir hana á brúnni fyrir neðan Þjótanda og horfa niðureftir henni og sjá úðann af Urriðafossi og líta svo til norðurs og horfa á beljandi jökulfljótið í þrengslunum við Þjótanda og fyrir neðan Krók. Þið sem aldrei hafið skoðað Urriðafoss ættuð að taka þennan tíu mínútna krók á leið ykkar í sumar og aftur næsta vetur. Hann er stórfenglegastur og kemur mest á óvart á veturna þegar ísinn hrannast upp, þá er hann

og umhverfi hans náttúruundur.

Við skulum aka upp Skeið og upp Gnúpverjahrepp. Við blasir mesta jökulfljót landsins, Þjórsá, í breiðum öflugum straumi. Í bjartviðri blasir einstakur fjalla-hringur við. Það eru uppi hugmyndir um að mála þessa mynd upp á nýtt, fljótið gefur meira af sér ef það er flutt annað og við mun blasa rykugur árfarvegurinn.

Næst sjáum við fljótið upp við Minna-Núp. Hefðum við verið gangandi upp með ánni hefðum við áð við Búðafoss og rekist á búðatóftir forfeðra okkar sem sátu Árnesþing í Árnesinu austan ár. Það er einnig talið arðvænlegt að skrífa fyrir vatnið í Búðafossi.

Við ökum veginn og erum komin upp fyrir Minna-Núp, horfum inn með Haga-fjalli og sjáum Gaukshöfða og við blasir Þjórsárdalurinn. Frá malarveginum uppi á Hálsunum hjá Víðihlíð blasir við eitt fallegasta útsýni á Íslandi. Í forgrunni er Þjórsá með Hagaey og áin leikur hvítfrýssandi um Gálgaklettana. Fjöllin blasa við, hvert öðru fallegra, Búrfell og Bjólfell og yfir gnæfir Hekla óuttreikanleg, hvíttyppt Tindfjöllin og Eyjafjallajökull. Þetta er útsýni sem þarf að upplifa.

Nú er okkur sagt að það sé sóun að eiga þessa perlu óbreytta. Henni megi breyta og hæglega græða á henni. Það er bara að stífla ána rétt fyrir ofan Minna-Núps-hólmann og sökkva Gálgaklettum öllum og Hagaey að mestu. Þetta mun venjast, þarna verður „fallegt lón“ sem nær upp í Fossnesgljúfur og komandi kynslóðir munu ekki sakna þess sem þær sáu ekki, frekar en Tröllkonuhlaups, Þjófafoss eða Hrauneyjafoss.

Framtíðarlandið verður í boði Landsvirkjunar og áliðnaðarins og það venst.

## Vinstri græn í Árborg

1. tbl. 5. árgangur, 1. maí 2007

### Tökum þátt!

DAGSKRÁ í kosningamiðstöð  
Vinstri grænna í Selinu, Engjavegi  
44, Selfossi:

Mánudagur 30. apríl kl. 21.00  
KONUKVÖLD – Opið öllum rót-tækum konum. Sóley Tómasdóttir og Hildur Hákonardóttir reifa málin.

Þriðjudagur 1. maí kl. 13.30  
BARÁTTU DAGSKRÁ 1. MAÍ.  
Söngsmiðja Vinstri grænna syngur baráttusöngva og Atli Gíslason flytur ræðu dagsins.

Fimmtudagur 3. maí kl. 20.00  
FJALLAGRÖS OG FLEIRA GOTT  
Hildur Hákonardóttir kynnir okkur mátt og notagildi grasa.

Laugardagur 5. maí kl. 11.00  
SPJALLFUNDUR MEÐ ATLA OG ÖLMU OG GRILLVEISLA Í HÁDEGINU.

Mánudagur 7. maí kl. 20.00  
UMHVERFISVAKA VG.  
Ingibjörg Elsa Björnsdóttir, umhverfisfræðingur: “Loflagsbreytingar - hverjum klukkan glymur?” Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar: “Hvernig geta Íslendingar lagt sitt af mörkum?”

Fimmtudagur 10. maí kl. 20.00  
SÖNGUR GLENS OG GAMAN,  
Evróvisjónstemming.

Laugardagur 12. maí kl. 20.30  
KOSNINGAVAKA langt fram á nótt.

### Vinstri græn í Árborg

Útgefandi: Vinstri Græn í Árborg.  
Ritnefnd: Andrés Rúnar Ingason, ábyrgðarmaður, Þorsteinn Ólafsson og Sædís Ósk Harðardóttir.  
Umbrot: Andrés Rúnar Ingason.  
Prentun: Íslandsprent.  
Upplag: 3.500 eintök.

Fylgist með á [www.vgarborg.is](http://www.vgarborg.is)